



Borgarráð 17. október 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lendingarstað fyrir björgunarþyrlur í Nauthólsvík MSS24100157

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvort viljayfirlýsing (milli Reykjavíkurborgar, Landspítala, Landhelgisgæslu og nokkurra ráðuneyta um lendingarstað fyrir björgunarþyrlur í Nauthólsvík) lúti helst að lendingarstað í Nauthólsvík þ.e. nálægt Landspítala frekar en við Landspítala og um þetta er spurt vegna þess að við lestur viljayfirlýsingarinnar er áberandi að talað er helst um lendingarstað nálægt Landspítala en ekki við Landspítala? Það tekur um 15-20 mínútum lengur að flytja slasaðan einstakling frá Nauthólsvík yfir á Landspítala en ef lent væri með hann við Landspítala. Þessar mínútur gætu verið skilin milli lífs og dauða

Greinargerð

Núverandi þyrlur eru að hámarki 12 tonn og verða ekki stærri. Að sjálfsgöðu þarf að vera stór þyrlupallur í Nauthólsvík sérstaklega ef Reykjavíkurlugvöllur fer en það þarf alltaf að vera þyrlupallur á eða við nýja Landspítala (NLSH). Það verður að gera ráð fyrir að þyrla geti lent við nýjan Landspítala ef um bráðveikan eða slasaðan einstakling er að ræða til að forðast óþarfa tafir og áhættu.

Samkvæmt starfandi þyrlulæknum þá tekur það í dag 3-5 mínútur að koma sjúklingi úr þyrlu og inn á bráðamóttöku í Fossvogi og telst það eðlilegt verklag. Aftur á móti er miðgildi frá lendingu þyrlu á Reykjavíkurlugvelli þar til komið er á Hringbraut 28 mínútur. Munurinn er þannig 23-25 mínútur sem minnkar kannski í 15-20 mínútur með tilkomu borgarlínubrautar úr Nauthólsvík á NLSH. Slík töf og flutningur sjúklinga milli farartækja skapar vel þekkta áhættu og getur ekki talist æskilegt verklag og ber ekki að stuðla að slíku. Allir fagaðilar telja að töf á flutningi mikið veikra sjúklinga geti skipt sköpum fyrir þá.

